



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

9. OKTÓBER 2025
ELDBORG HARPA

BARTÓK & RAVEL

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM Á MEÐAN
TÓNLEIKUM STENDUR.

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS.

TÍMALENGD VERKA:

FORLEIKUR 10'
PIÁNÓKONSERT 25'
SINFÓNÍA 23'
LA VALSE 13'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

BARTÓK & RAVEL

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 9. OKTÓBER KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

DIMA SLOBODENIOUK
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

MARTIN HELMCHEN
EINLEIKARI

CLAUDE DEBUSSY

Forleikur að Síðdegi skógarpúkans L. 86 (1894)

BÉLA BARTÓK

Píanókonsert nr. 3 í E-dúr Sz. 119 (1945)

Allegretto

Adagio religioso

Allegro vivace

HLÉ

WITOLD LUTOSŁAWSKY

Sinfónía nr. 4 (1992)

MAURICE RAVEL

La Valse (1920)

DIMA SLOBODENIOUK

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Hljómsveitarstjórinn Dima Slobodeniouk nýtur mikillar viðurkenningar fyrir ómælda hæfileika á tónleikasviðinu. Lifandi túlkun hans á fjölbreyttum verkum tónbókmenntanna hefur skipað honum í röð virtustu hljómsveitarstjóra samtímans.

Slobodeniouk hefur starfað með fremstu hljómsveitum heims, þar á meðal Berlínarfílharmoníunni, Fílharmoníusveit New York borgar, Lundúnaflharmoníunni, Gewandhaus-hljómsveitinni í Leipzig, Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Vínarsinfóníunni, Tonhalle-hljómsveitinni í Zürich og Sinfóníuhljómsveit NHK í Tókýó. Meðal einleikara sem hann hefur unnið með eru Leif Ove Andsnes, Martha Argerich, Emanuel Ax, Isabelle Faust, Barbara Hannigan, Yuja Wang og Frank Peter Zimmermann.

Slobodeniouk stundaði nám við Sibeliusarakademíuna í Helsinki; fyrst á fiðlu hjá Olgu Parkhomenko og síðar hljómsveitarstjórn hjá Leif Segerstam, Jorma Panula og Atso Almila. Hann var tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Galísíu á árunum 2013–2022, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Lahti 2016–2021 og listrænn stjórnandi Sibelius-hátíðarinnar. Í starfi sínu hefur hann lagt áherslu á að skapa ný tækifæri fyrir unga hljómsveitarstjóra með verkefnum sem gefa þeim vettvang til að vinna með atvinnuhljómsveitum.

Slobodeniouk hefur gert fjölmargar hljóðritanir sem hlotið hafa mikið lof, m.a. fyrir Sellókonsert Esa-Pekka Salonen með Sinfóníuhljómsveit Rotterdam og Nicolas Altstaedt, sem hlaut ICMA-verðlaunin, auk nýlegrar útgáfu með verkum eftir Kalevi Aho.

Þetta er í þriðja sinn að Dima Slobodeniouk heimsækir Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hann stjórnaði hljómsveitinni fyrst árið 2016 og aftur 2017 þegar hann stjórnaði m.a. píanókonsert nr. 24 í c-moll eftir W. A. Mozart í flutningi Víkings Heiðars Ólafssonar.

MARTIN HELMCHEN

EINLEIKARI



Þýski píanóleikarinn Martin Helmchen hefur í um tvo áratugi komið fram á stærstu tónleikasviðum heims og telst einn eftirsóttasti píanisti samtímans. Frumleiki og dýpt túlkunar, sem og einstakur tónn og tæknileg fágún þykja einkenna leik hans. Árið 2020 hlaut hann hin virtu Gramophone Classical Music Award fyrir upptökur sínar af píanókonserterum Beethovens nr. 2 og 5.

Helmchen hefur leikið sem einleikari með fremstu hljómsveitum heims, m.a. Berlínarfílharmoníunni, Fílharmoníusveit Vínar, Concertgebouw-hljómsveitinni í Amsterdam, Staatskapelle Dresden, Sinfóníuhljómsveit Boston, Fílharmoníusveit New York og Cleveland hljómsveitinni. Hann hefur unnið reglulega með stjórnendum á borð við Herbert Blomstedt, Paavo Järvi, Jakub Hrůša, Andris Nelsons, Klaus Mäkelä og Kazuki Yamada.

Helmchen hefur gefið út fjölda geisladiska á vegum hinnar virtu Alpha Classics útgáfu. Árið 2024 kom út diskur með sex partítum J.S. Bachs, og hlaut sá gagnrýnendaverðlaun tímaritsins Gramophone sama ár. Nokkru fyrr kom út diskur með tónlist Robert Schumann sem einnig hlaut mikið lof. Í júní á þessu ári kom út tvöfaldur geisladiskur þar sem Helmchen leikur ásamt eiginkonu sinni, Marie-Elisabeth Hecker, sellósönötur eftir Shostakovitsj, Schnittke, Stravinskíj og fleiri.

Helmchen er fæddur í Berlín 1982; nam hjá Galinu Iwanzowa við Hanns Eisler tónlistarháskólann og síðar hjá Arie Vardi í Hannover. Aðrir leiðbeinendur voru m.a. William Grant Naboré og Alfred Brendel. Ferill hans fór fyrst á flug eftir sigur í Clöru Haskil-píanókeppninni árið 2001 og fáum árum síðar hlaut hann einnig hvatningaverðlaun Credit Suisse bankans. Frá 2010 hefur hann kennt kammertónlist við tónlistarakademiuna í Kronberg í Þýskalandi.

Þetta er í fyrsta sinn sem Martin Helmchen kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

CLAUDE DEBUSSY

FORLEIKUR AÐ SÍÐDEGI SKÓGARPÚKANS



TÓNLISTIN OG SÍ

Forleikurinn að Síðdegi skógarpúkans hefur fylgt hljómsveitinni allt frá upphafsárum hennar og verið leikinn alls 12 sinnum. Fyrst var verkið leikið á tónleikum í apríl 1955 undir stjórn þáverandi aðalstjórnanda, Olavs Kjelland. Síðast flutti hljómsveitin forleikinn í september 2023 undir stjórn núverandi aðalstjórnanda, Evu Ollikainen.


Það var rétt fyrir jólin 1894 að Forleikurinn að Síðdegi skógarpúkans (Prélude à l'après-midi d'un faune) var frumfluttur í París. Flutningingurinn markaði tímamót; bæði fyrir hið 32 ára gamla tónskáld, Claude Debussy (1862-1918), en einnig í sögulegu samhengi. Áheyrendur fengu þarna að kynnst einhverju algerlega nýju. Tónlist Debussys var ekki rökrétt framhald af hinum rómantísku hljómsveitarskrifum Wagners, Liszt og Brahms, heldur djörf endurskilgreining á því hvernig hljómsveitarverk ætti að hljóma. Tónlist sem reiddi sig síður á stefjaúrvinnslu og hljómræna framvindu en mun frekar á hughrif, liti og óræðni.

Innblásturinn að tónverkinu sótti Debussy í hið táknsæja ljóð, L'après-midi d'un faune eftir franska ljóðskáldið Stéphane Mallarmé þar sem fann — hálfur maður og að hálfu geit — reikar á mörkum draums og veruleika og minnst ásta skógar- og vatnadísa á heitu sumarsíðdegi þar til hann fellur í seiðandi svefn. Tónlist Debussys er á engan hátt bein frásögn eftir ljóðinu, en túlkar miklu fremur þær tilfinningar og hughrif sem ljóð Mallarmé vekur hjá lesandanum. Sjálfur sagði tónskáldið um tónlistina, að líta ætti á hana sem röð atriða þar sem þrár og draumar fásins líða hjá í sumarhitunum.

Það er ljóst, allt frá upphafstónum flautunnar að hér er á ferðinni tónlist sem vill slíta sig frá arfi fortíðarinnar. Fljótandi smástíg laglínan gefur hvorki til kynna ákveðna tóntegund né skýra takttegund. Debussy nálgast hljómsveitarskrifin líkt og málverk, þar sem hann blandar saman mjúkum tónblæ hljóðfæranna, heiltónatónstigum ásamt óhefðbundinni raddfærslu, svo úr verður nýr draumkenndur hljóðheimur. Þrátt fyrir að verkið sé aðeins um 10 mínútur að lengd hafði það gríðarleg áhrif á tónsköpun samtíðar og framtíðar. Samlandi Debussys og einn helsti forsprakki framúrstefnunnar, Pierre Boulez, sagði um verkið að flauta fásins hafi fært nýjan anda í tónlistina. Verkið hafi sýnt að hægt væri að skapa framvindu í tónlist án þess að reiða sig á dramatík rómantíkurinnar, en frekar með því að framkalla nýjan hljóðheim, nýjar leiðir í upplifun tónlistar.

BÉLA BARTÓK

PÍANÓKONSERT NR. 3 Í E-DÚR SZ. 119



TÓNLISTIN OG SÍ

Þriðji píanókonsert Bartóks hefur verið fluttur fimm sinnum áður af hljómsveitinni. Fyrst árið 1963 undir stjórn Williams Strickland og þá sat austurríski píanóleikarinn Paul Badura Skoda við píanóið. Síðast var konsertinn fluttur árið 2008 þegar Víkingur Heiðar Ólafsson lék konsertinn undir stjórn Michals Dworzynsky.

Píanókonsert nr. 3 er eitt síðasta verkið sem Béla Bartók (1881–1945) lét eftir eftir sig. Það var samið árið 1945 í New York þar sem Bartók og seinni eiginkona hans, Ditta Pásztory-Bartók, dvöldu í sjálfskipaðri útleið frá hryllingi stríðsins og nasismans. Þrátt fyrir að Bartók hafi notið virðingar og vinsælda í Evrópu, var því ekki svo háttað í hinum nýju heimkynnum. Tónlist hans var þar lítt þekkt og tónverkapantanir og tónleikahald af skörnum skammti. Fjárhagurinn var því þröngur og ekki bætti úr skák að heilsu Bartóks hrakaði hratt. Píanókonsertinn virðist þó alls ekki endurspeglar þessar íþyngjandi aðstæður. Konsertinn geislar af hlýju og ljóðrænni yfirvegun og sker sig að því leyti að nokkru frá glæsileik fyrri píanókonserta. Hann var saminn sem gjöf til Dittu á 42. afmælisdegi hennar og eflaust einnig hugsaður sem möguleg tekjulinð fyrir hana eftir hans dag, en Ditta var afar frambærilegur píanóleikari.

Fyrsti kaflinn, *Allegretto*, hefst á einföldu viðkvæmu stafi sem á greinilega rætur sínar að rekja til ungverskrar þjóðlagahefðar. Hljómsveitin klæðir þetta hógværa stef í léttan búning með fíngerðum vefnaði. Stefinu vex síðan fiskur um hrygg og þróast áfram á lífrænan hátt án þess þó að Bartók missi nokkurn tíma sjónar á hinni einföldu upphafsgerð þess. Annar þátturinn, *Adagio religioso*, er tilfinningaleg þungamiðja konsertsins. Hann hefst á ofurviðkvæmum inngangi í strengjum og klarínettu sem minnir einna helst á enduróm sálmalaga fortíðar. Píanóið tekur svo við keflinu og úr verður samtal strengja og píanós í innhverfri hugleiðingu um kyrrð og fegurð. Um miðbik kaflans tekur svo við draumkennd „næturtónlist“, en Bartók notaði þessa aðferð í mörgum verka sinna. Næturtónlist einkennist af sindrandi ómstríðum sem mynda bakgrunn fyrir skógarhljóð, kvak næturdýra og einmana laglínur. Lokakaflinn, *Allegro vivace*, er fjörmikill óður til lífsins, fullur af krafti og dansandi hrynjandi.

Bartók lést réttum mánuði fyrir afmælisdag Dittu og átti þá aðeins eftir að útsetja síðustu 17 takta verksins fyrir hljómsveit. Það kom í hlut vinar þeirra hjóna og nemanda Bartóks, Tibor Serly, að ljúka verkinu. Píanókonsertinn er afar persónuleg ástarjátning Bartóks til konu sinnar og einnig eitt af hans vinsælustu verkum.

WITOLD LUTOSŁAWSKY

SINFÓNÍA NR. 4



TÓNLISTIN OG SÍ

Fjórða sínfónía Lutosławskys hefur aðeins hljómað einu sinni áður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það var í mars 1995 þegar Osmo Vänskä hélt um tónsprotann.

Sínfónía nr. 4 eftir Witold Lutosławski (1913–1994) var frumflutt í Los Angeles árið 1993 af filharmóníusveit borgarinnar undir stjórn tónskáldsins, tæpu ári fyrir andlát hans. Hún er skrifuð á hápunkti síðara tímabils tónsmíða hans og dregur saman einskonar niðurstöðu á listrænum ferli Lutosławskys á sama tíma að vera einkar persónuleg hinna kveðja.

Þrátt fyrir að sínfónían sé skrifuð í einum þætti er hið tvískipta form, sem Lutosławski studdist mikið við í verkum sínum, mjög greinilegt. Það var strax í 2. sínfóníu hans (1965–67) sem þessi hugsun hans birtist mjög skýrt í tveggja þátta sínfóníu sem báru yfirskriftina *Hesitant* og *Direct*, eða *hikandi* og *beinskeytt*. Í 4. sínfóníunni virðist hann hafa náð fullkomnu valdi yfir þessari hugsun, þar sem formhlutarnir tveir eru skýrir, en tengjast engu að síður í gegnum sameiginlegt stefjaefni og mynda sterka heild.

Eitt af því sem einkennir verkið er notkun Lutosławskys á því sem hann kallaði „tilviljunakenndan kontrapunkt“ (aleatory counterpoint) þar sem flytjandanum er gefið hrynrænt sjálfstæði innan ákveðinna marka svo að línur og mótíf vefjast hvert um annað í þéttan, spunakenndan vef.

Inngangshlutinn hefst á lagrænu stafi í klarínettu á móti hljómrænum strengjagrunni. Uppbygging stefsins kemst aldrei almennilega á skrið, þar sem framvindan er reglulega rofin með síkviku tónefni. Fiðlurnar og síðar allir strengirnir lyfta svo stefinu í hæstu hæðir áður en ófullkomnum hápunkti er náð. Síðari hlutinn birtist okkur í þremur hlutum. Fyrst með hröðum hlaupum sem leiða okkur niður í alvörugefið sönghæft stef í fiðlum og Lutosławski geymir til síðari nota. Þá með sindrandi hljómsveitarvef sem fíkrar sig úr hæstu hæðum niður eftir tónsviðinu. Trompet ásamt básúnum blása svo til lokahlutans þar sem hið punga strengjastef er endurvakið og byggt upp þar til það nær hápunkti sínum með kraftmiklum einradda söng í strengjum og málmblásurum. Þá er líkt og tónlistin brotni í draumkenndar minningar um fyrra tónefni. Sellóin plokka okkur svo leið inn í kraftmikinn lokahnykk þessarar mögnuðu sínfóníu.

MAURICE RAVEL

LA VALSE



TÓNLISTIN OG SÍ

Líkt og Forleikurinn að Síðdegi skógarpúkans hefur La Valse hljómað 12 sinnum á tónleikum Sinfóníhljómsveitar Íslands í gegnum tíðin. Fyrst árið 1970 með Bohdan Wodiczko við stjórnvölinn, en síðast hljómaði Valsinn í meðförum Evu Ollikainen árið 2021.

Tónverkið La Valse eftir Maurice Ravel (1875-1937) skipar einstakan sess í tónlistarsögu fyrrihluta 20. aldar. Það var skrifað á árunum 1919-20 skömmu eftir skelfingarár fyrri heimstyrjaldarinnar og er bæði glæsilegur fagnaðaróður til Vínarvalsins og á sama tíma kaldranalegt niðurbrot hans. Ravel samdi La Valse sem ballet fyrir Sergei Diaghilev og Rússneska ballettinn sem hann var í forsvari fyrir. Samstarf þeirra fór þó út um þufur þegar Diaghilev hafnaði verkinu, með orðunum að þetta væri „vissulega meistaraverk, en enginn ballett“. Þrátt fyrir að aðrir danshöfundar hafi tekið verkið upp á arma sína síðar, er La Valse nú einkum þekkt sem konsertverk í meðförum hljómsveita um víða veröld.

Verkið hefst með dimmum strengjanið í kontrabössum þar sem vals-hrynjandinn birtist hlustandanum smám saman, líkt og við fíkum okkur inn í stóran danssal hulinn mistri. Brátt tekur dansinn á sig skýrari mynd og birtist okkur í glansandi laglínunum og litskrúðugri hljómsveitarútsetningu eins og Ravel er einum lagið. Undir glitrandi yfirborðinu leynast þó myrkari öfl; Vals-stefin verða slitróttari og glæsileiki þeirra dofna með stöðugt ómstríðari og kraftmeiri inngripum hljómsveitarinnar. Undir lok verksins verður dansinn trylltur og ofsafenginn áður en honum er kippt niður á jörðina og hafa sumir túlkað það sem táknmynd um eyðileggingu stríðsins.

Ravel lagðist reyndar gegn þessari túlkun og bað hlustendur að hlusta frekar eftir tónlistinni sjálfri og þeirri framvindu sem ætti sér stað í hljóðheimi verksins. Verkið hefði enga táknræna skírskotun til ástandsins í Vínarborg eftir fall austurísk-ungverska keisaradæmisins árið 1918.

Hvort sem að áheyrendur kjósa að hlýða á verkið sem söknuð eftir veröld sem var, eða ádeilu á hrún hennar, nær La Valse engu að síður að fanga hinar blöndu tilfinningar samtíma síns sem sveifluðust á milli nostalgíu og framsækni.

Tryggvi M. Baldvinsson

Á DÖFINNI

FRÖNSK VEISLA

FIMMTUDAGUR 16. OKTÓBER KL. 19:30

Fiðluleikarinn Malin Broman stjórnar hljómsveitinni og leikur einleik á þessum tónleikum. Flutt verða Forleikur nr. 1 eftir Louise Farrenc, svítur úr óperunum Pelléas et Mélisande eftir Gabriel Fauré og Hippolyte et Aricie eftir Jean-Philippe Rameau, Tzigane eftir Maurice Ravel og Parísarsinfónían, nr. 31, eftir Wolfgang Amadeus Mozart.



NINA STEMME OG STUART SKELTON

FIMMTUDAGUR 23. OKTÓBER KL. 19:30

Sópransöngkonan Nina Stemme og tenórinn Stuart Skelton teljast til þekktustu tulkenda á óperum Richard Wagners. Þau, ásamt Hönnu Dóru Sturludóttur, syngja tónlist úr óperu Wagners um Tristan og Ísold, en á tónleikunum hljómar einnig forleikur hans að Meistarsöngvurunum í Nürnberg og Sinfónía í þremur þáttum eftir Ígor Stravinskij. Eva Ollikainen stjórnar.



MOZART & BRUCKNER

FIMMTUDAGUR 30. OKTÓBER KL. 19:30

Noah Bendix-Balgley, konsertmeistari Filharmóníusveitar Berlínar, leikur einleik í 5. fiðlukonsert W. A. Mozarts. Konsertinn er viðamestur allra fiðlukonserta Mozarts, leiftrandi af hugmyndaauðgi og leikgleði. Á síðari hluta tónleikanna heyrum við 7. sínfóníu austurríska tónskáldsins Antons Bruckners, en hún er talin einn af hornsteinum rómantískra hljómsveitarbókmennta. Stjórnandi tónleikanna er Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



*Kvika eignastýring veitir alhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring

Á DÖFINNI

MUGISON OG SINFÓ

FIMMTUDAGUR 6. NÓVEMBER OG FÖSTUDAGUR 7. NÓVEMBER KL. 19:00

Mugison er einn af ástsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar og stígur nú í fyrsta sinn á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar. Saman ferðast Mugison og Sinfó um fjölbreyttan tónlistarheim hans sem er litaður af tilfinningum, dýpt og einstökum hljóðheimi. Tónleikarnir eru framhald á samstarfi hljómsveitarinnar og tónlistarhátíðarinnar Icelnad Airwaves.



SHOSTAKOVITSJ & PROKOFIEV

FIMMTUDAGUR 13. NÓVEMBER KL. 19:30

Heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Osmo Vänskä, ásamt hollenska fiðluleikaranum Lizu Ferschtman flytja okkur tvö stórvirki rússneskra tónbókmennta 20. aldar: Fyrsta fiðlukonsert Shostakovitsj, sem saminn var í skugga ofsókna stjórnvalda á hendur honum og 6. sínfóníu Prokofíevs sem samin var til minningar um fórnarlömb síðari heimstyrjaldarinnar. Á tónleikunum verður einnig Íslandsfrumflutningur á tónverkinu Elysium eftir tónskáldið Samy Moussa.



LIZA FERSCHTMAN LEIKUR BACH

EINLEIKSTÓNLEIKAR Í NORÐURLJÓSU FÖSTUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 18:00

Sónötur og partítur J. S.Bachs fyrir einleiksfiðlu eru tvímælalaust meðal hápunkta fiðlubókmenntanna og hér tekst hollenski fiðluleikarinn og einleikarinn frá kvöldinu áður, Liza Ferschtman, á við tvær þeirra: Sónötu nr. 2 BWV 1003 og hina margslungnu partítu nr. 2 BWV 1004. Í verkunum birtist fiðlan sem fjölradda hljóðfæri og hinn þéttofni vefur Bachs gerir oft gríðarlegar kröfur til hljóðæraleikarans. Lokapáttur partíttunnar, Sjakonna, er af mörgum talin ein mikilfenglegasta tónsmíð sögunnar.



RADISSON BLU 1919 HÓTEL

**VELKOMIN Á RADISSON BLU 1919
HÓTEL Í HJARTA REYKJAVÍKUR ÞAR SEM
VIÐ BJÓÐUM GLÆSILEGA GISTINGU OG
FRÁBÆRA FUNDARÞSTÖÐU**

Njóttu þess að gista í miðbænum og upplifa allt það sem borgin hefur upp á að bjóða eða halda fund í einum af okkar frábæru fundarsölum. Bjóðum upp á úrval fundarpakka og gott aðgengi en stærsta bílastæðahús landsins er í næsta nágrenni. Bókanir á sales.1919.reykjavik@radissonblu.com

FEEL THE DIFFERENCE

radissonhotels.com/blu



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Geirprúður Ása
Guðjónsdóttir Skelton
Laufey Jensdóttir
Joanna Bauer
Lin Wei
Laura Liu
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Justyna Bidler
Emma Garðarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Martin Frewer
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfrís
Guðbjartur Hákonarson
Kathryn Harrison
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Þórdís Gerður Jónsdóttir

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthias Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Auður Edda Erlendsdóttir
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Justin Mange
Joseph Ognibene
Yi-Ling Shih
Jason Friedman

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Floris van Daalen

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

PÍANÓ

Liam Kaplan

SELESTA

Elena Postumi

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson
Ferran Perez

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir

markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrun Háldánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfssdóttir
fjármálastjóri
Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

SHOSTAKOVITSJ & PROKOFÍEV



13. NÓVEMBER KL.19:30
ELDBORG HARPA

OSMO VÄNSKÄ
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

LIZA FERSCHTMAN
EINLEIKARI

Osmo Vänskä tekur hér á móti hollenska fiðlu-leikaranum Lizu Ferschtman sem hefur á síðustu árum skapað sér afar farsælan feril sem einleikari með mörgum af fremstu hljómsveitum heims.

Efnisskrá tónleikanna er hlaðin margslungnum og glæsilegum verkum – Elysium eftir Samy Moussa, fiðlukonsert Dmitríj Shostakovitsj sem saminn var í skugga ofsókna á hendur tónskáldinu og sjöttu sinfóníu Sergejs Prokofiev sem af mörgum er talin krúnudjásn hinna sjö sinfónía meistarans.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS